

Umhverfisstofnun  
Sigurður Ingason  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 6. október 2015  
Tilvísun: 201508035 /,

---

**Efni: Starfsleyfi fyrir Norðurál Grundartanga ehf. Umsögn um tillögu.**

---

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 19. ágúst 2015 þar sem tillaga að starfsleyfi fyrir Norðurál á Grundartanga er kynnt Skipulagsstofnun.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi greinargerð vegna auglýsingar þá barst Skipulagsstofnun tilkynning með greinargerð frá Norðuráli dags. 21. mars 2014 þar sem gerð var grein fyrir framleiðsluaukningu í allt að 350.000 tonn á ári. Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að framleiðsluaukningin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum þann 26. júní 2014.

Skipulagsstofnun hefur borið saman helstu kennistærðir mengunarefna í tillögu að starfsleyfi eins og það er birt á vef Umhverfisstofnunar og framlagðar forsendur í fyrrnefndri greinargerð framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun bendir sérstaklega á að í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila var gert ráð fyrir því að losunarmörk fyrir brennistein yrðu færð niður í 18 kg/tonn Al. Þessi ráðstöfun hefur skilað sér í tillögu að starfsleyfi sem er vel, enda ein aðalforsenda Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum að heildarlosun brennisteins frá aukinni framleiðslu myndi ekki hækka frá því sem fyrir var.

Skipulagsstofnun telur jafnframt til bóta að í tillögu að starfsleyfi séu losunarmörk fyrir flúor þrengd eftir því sem framleiðsla Norðuráls eykst. Sama máli gegnir um bættu upplýsingaöflun vegna PAH og þungmálma.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við framlagða tillögu að starfsleyfi fyrir Norðurál á Grundartanga.

Virðingarfyllst,



Sigurður Ásbjörnsson